



## Starfsreglur Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps

Umsjónarmaður fasteigna er verkstjóri Vinnuskólans og undir hann heyra flokkstjórar.

1. Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður þar með talið nikótínþúðar og rafsígarettur.
2. Allir nemendur skrifa undir ráðningarsamning.
3. Við skráningu í Vinnuskólann er litið svo á að unglingur sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans.
  - a. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að hann haldi sig að verki.
  - b. Nemandi sýni kurteisi í samskiptum við stjórnendur vinnuskólans, aðra nemendur og íbúasveitarfélagsins. Í vinnuskólanum vinna allir saman óháð aldri.
4. Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
5. Nemandur eiga að mæta á hverjum degi til vinnu nema komi til veikindi eða leyfi. Geðþóttamætingnemenda er ekki liðin.
6. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna beint til viðkomandi flokksstjóra um veikindi eða leyfi, með því aðhringja eða senda tölvupóst á [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is). Fjarvistir frá vinnu er ekki hægt að bæta upp með viðbótar vinnu síðar.
7. Öll óútskýrð fjarvera verður dregin frá launum.
8. Flokkstjóri hefur heimild
  - a. til að senda ungling heim úr vinnu á vinnutíma vegna agabrota og skal flokkstjórinn þá hringja í forráðamenn og tilkynna ástæðu brottvikningar. Til þess þarf þó að vera rík ástæða og eru aðrarleiðir reyndar áður en til þessa úrræðis er gripið.
  - b. Alvarleg brot á starfsreglum þýðir brottvísun að fullu.
9. Fara skal vel með verkfæri og tæki, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum ogfyrirmælum yfirmanna.
10. Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.
11. Unglingar leggja sér sjálfir til allan hlífðarfatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum. Gott er að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél.
12. Notkun farsíma við vinnu er óheimil nema með leyfi flokksstjóra. Starfsmönnum og forráðamönnum starfsmanna í vinnuskóla er sérstaklega bent á þessa reglu. Ef starfsmaður er uppvís að notkun farsímaán heimildar flokksstjóra, verður hann sendur með símann heim og ber að koma aftur án símans. Sé þessi regla brotin aftur fær starfsmaður viðvörðun og ef brotið endurtekur sig í þriðja sinn þýðir það brottrekstur.
13. Engin ábyrgð er tekin á fötum nemenda, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem nemendur takameð sér á vinnustað.



14. Nauðsynlegt er að koma með nesti því
  - a. ekki er leyfilegt að fara af vinnustaðnum nema í matarhléi.
  - b. Kaffihlé er í 15 mín. og varið á vinnusvæði með flokkstjóra.
15. Unnið verður víða um sveitarfélagið í misjöfnum veðrum og því nauðsynlegt að mæta í vinnuna í fötumvið hæfi, með hlífðarföt með sér. Ekki er heimilt að fara heim að sækja föt.
16. Allir nemendur og flokkstjórar þurfa að vera í vesti með endurskinsmerki á vinnutíma.
17. Sé unglingur með það alvarlegt ofnæmi að það hindri þátttöku í hefðbundnum störfum vinnuskólans berhonum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar við skráningu.

## Umsögn um frammistöðu nemanda

Allir nemendur Vinnuskólans fá umsögn frá flokkstjóra sínum um frammistöðu sína að sumarstarfinu loknu. Forráðamenn og nemendur geta beðið um að fá slíka umsögn senda til sín.

Eftirtalin atriði eru metin: stundvísi, framkoma, tekur fyrir mælum, vandvirkni, sjálfstæð vinnubrögð, samvinna, meðferð verkfæra og afköst.

## **VIRÐING - VINÁTTA - SAMSTARF - EFLING**

